



Gerplutíðindi

-september 2021-



Starfið komið á fullt í Gerplu

Það er mikið gleðiefni að allt starfið okkar í Gerplu er farið að rúlla samkvæmt hefðbundinni dagskrá með mjög litlum takmörkunum. Í vetur bjóðum við uppá krílafimleika, bangsafimleika, grunnhópa og framhaldshópa, áhaldafimleika, hópfimleika, stökkfimi, fimleika fyrir fatlaða, fimleika án keppni FFA, parkour, boltaþrek og fimleika fyrir fullorðna GGG.

Fyrir það erum við þakklát og hlökkum til starfsins með fólkinu okkar í vetur.



Fimleikafatnaður



Íþróttafélagið Gerpla hefur verið í samstarfi við fimleikar.is síðustu fimm ár með keppnisfatnað í fimleikum en í sumar var fimleikar.is selt til Icepharma og er það **nýr samstarfsaðili** Gerplu með fimleikavörur. Gerpla hefur hinsvegar verið í samstarfi við Icepharma með Nike félagsfatnað svo þessi viðbót styrkir samstarfið enn frekar. Vörurnar sem voru til hjá fimleikar.is eru núna til sölu hjá H verslun og er hægt að sjá úrvalið hjá þeim [hér](#) eða heimsækja verslunina að Lynghálsl 13





Landsliðsmolar

EM í hópímleikum

Landsliðsþjálfarar í hópímleikum hafa tilkynnt æfingahópa fyrir EM en þetta var annar niðurskurður af þremur. Íþróttafélagið Gerpla á 15 stúlkur í þremur liðum og munu þær berjast um sæti fyrir lokahópa landsliða næsta mánuðinn. Þá tekur við lokaundirbúningur en Evrópumótið verður haldið í Portúgal 1.-5. desember. Landsliðshóparnir munu frá og með mánudeginum æfa saman sem lið og sækja þá þessar stúlkur ekki félagsæfingarnar sínar á meðan. Gerpla á jafnframt sex landsliðsþjálfara í þessu verkefni en það er 50% þjálfara í verkefninu. Það er ávallt mikill heiður að vera valin í verkefni fyrir hönd Íslands. Glæsilegur árangur hjá okkar fólki og sendum við hamingjuóskir til þjálfara og iðkenda og óskum þeim góðs gengis í undirbúningnum næsta mánuðinn.





Landsliðsmolar

Heimsmeistaramótið í Japan

HM í áhaldafimleikum karla og kvenna verður haldið í Kitakyushu í Japan 18.-24. október næstkomandi. Landsliðsþjálfarar hafa valið keppendur á mótið og á Gerpla fjóra fulltrúa í landsliðinu að þessu sinni en það eru í karlakeppninni þeir Jónas Ingi Þórisson, Martin Bjarni Guðmundsson og Valgarð Reinhardsson. Í kvennakeppninni er það Hildur Maja Guðmundsdóttir.

Þau Hildur Maja og Jónas Ingi eru að keppa á sínu fyrsta heimsmeistaramóti en bæði Martin Bjarni og Valgarð hafa keppt áður. Mótið er stórt í sniðum en alls mæta keppendur frá 59 löndum og verða um 230 karlakeppendur og 150 kvennakeppendur á mótinu. Keppendur eru á lokametrinum í undirbúningi en hópurinn æfir saman 1.okt og 9.okt og leggur svo af stað til Japans 12.október. Landsliðsþjálfari karla er Róbert Kristmannsson.

Norðurlandsmót unglunga og hæfileikamótun drengja

Það hefur verið nóg að gera í landsliðsmálum síðustu daga og vikur en ásamt því að iðkendur eru að keppast við að undirbúa sig fyrir EM í hópímleikum og HM í áhaldafimleikum þá er í gangi hæfileikamótun drengja þar sem Gerpla átti flotta fulltrúa og í næstu viku fer fram úrtökumót fyrir Norðurlandamót unglunga og er Dagur Kári Ólafsson okkar fulltrúi þar. Framtíðin er sannarlega björt í áhaldafimleikum drengja.



bpro



Landsliðsmolar

Norðurlandamót unglunga og Gymnova Cup stúlkur

Norðurlandamót unglunga átti að fara fram síðasta vor en vegna Covid var því frestað. Nú á að halda það loksins en það mun fara fram á netinu. Dómarar munu dæma rafrænt á öllum norðurlöndum á sama tíma. Við í Gerplu eigum fulltrúa í landsliði Íslands í stúlknaflökki en það er hún Dagný Björt Axelsdóttir. Hún var einnig valin til að keppa á Gymnova Cup sem fram fer í Keerbergen í Belgíu dagana 12.-14.nóvember. Mótið sem er hið glæsilegasta er allt í senn liðamót og einstaklingsmót. Búið er við fjölda keppenda á mótið og verður spennandi að fylgjast með Dagný og liðsfélögum hennar í landsliðinu.



Berlin Cup

Dagur Kári Ólafsson keppti ásamt unglingalandsliði karla á Berlin Cup sem haldið var í rafrænni útfærslu dagana 1. – 5. júní. Dagur Kári átti einstaklega gott mót og var árangur hans frábær hann endaði í 3. sæti á tvíslá með einkunnina 12,800. Jafnframt hafnaði hann í 4. sæti á bogahesti með 12,100 stig, 5. sæti á stökki með 12,950 stig og í 5. sæti í fjölþraut með 72,300 stig.

Þar sem að mótið fór fram í rafrænni útfærslu þá gat Dagur ekki stigið upp á verðlaunapall á mótinu til að taka á móti brons medalíunni sinni á tvíslá. Medalían kom þó loksins í pósti frá Þýskalandi nú á dögnum. Hann fékk verðlaunin afhent á æfingu nú á dögnum við mikinn fögnuð viðstaddra.





Eurogym fimleikahátíðin

Eftir langa bið og ítrekaðar frestanir á Eurogym fimleikahátíðinni sem halda átti á Íslandi er loks komið að því að halda hátíðina og verður hún haldin í Neuchatel í Sviss 7.-15.júlí 2022. Íþróttafélagið Gerpla stefnir á að fara með stóran hóp þátttakenda á þessa hátíð en þetta er flottasta fimleikahátíð ungmenna 12-18 ára í Evrópu.



Hátíðin er uppbyggð með götusýningum, workshop, fræðslu og svo eru glæsilegar opnunar og lokahátíðar ásamt Galasýningu. Það geta allir tekið þátt í Eurogym óháð getu og reynslu en þarna sameinast ungmenni og skemmta sér saman á heilbrigðan hátt. Þeir sem vilja kynna sér þetta frekar þá er heimasíðan [hér](#) og instagramsíðan er @eurogym2022

Við í Gerplu verðum með kynningar fyrir foreldra og forráðamenn í október. Endilega fylgist með.



Afmælissýning Gerplu

Í tilefni hálfrar aldar afmælis Gerplu átti að halda afmælissýningu síðasta vor. Vegna samkomutakmarkana var það ekki möguleiki en það er komin ný dagsetning fyrir sýninguna og verður hún haldin með pompi og prakt 7. og 8.janúar 2022. Það var erfitt að finna dagsetningu á haustönn vegna anna hjá keppnisdeildum og yngri iðkendur margir hverjir nýbyrjaðir og því var ákveðið að nota lausan tíma sem er í upphafi nýs árs. Takið helgina frá þetta verður skemmtilegt!





Sportabler

Nú er Gerpla alfarið komið í skráningar og samskiptaforritið Sportabler og hvetjum við alla forráðmenn og iðkendur til að hlaða niður appinu í símann sinn. Vert er að benda á að ef iðkendur eru með appið og aðgang að sínum hópi er mikilvægt að þau séu skráð inn á sínu eigin netfangi en ekki netfangi forráðamanns. Ef þið þurfið aðstoð eða hafið spurningar ekki hika við að hafa samband við viðkomandi deildarstjóra eða á gerpla@gerpla.is



TILBOÐ TIL GERPLUFÉLAGA!

Altis býður Gerplufélögum 25% afslátt af fimleikaáhöldum í eina viku á heimasíðu sinni altis.is

Afsláttardagarnir hefjast í dag 4.október og standa yfir í eina viku.

Afsláttarkóðinn er **GERPLA25**

Smellið [hér](#) til að sjá það sem er í boði

Frí heimsending ef verslað er fyrir meira en 8.990kr.

